

Ed.

353. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita leyfisbrjef til mannvirkja til notkunar vatnsaflsins í Soginu.

Flutningsm.: Eggert Pálsson, Hannes Hafstein og Magnús Kristjánsson.

Stjórnarráði Íslands heimilast að veita fossafjelaginu »Ísland« eða þeim er öðlast rjettindi þess, — enda sje heimilisfang og varnarþing þess á Íslandi og meiri hluti fjelagsstjórnarinnar skipaður mönnum, sem þar eru heimilisfastir, — leyfi til að leiða aflið úr Soginu milli Þingvallavatns og Hvitár til Reykjavíkur, eða annarar hafnar, í rafmagnsleiðslum, hvort heldur ofan jarðar eða neðan, leggja járnbraut og vegi og gera höfn og önnur þau mannvirki, sem nauðsynleg eða æskileg eru, til þess að geta notað vatnsaflið.

Nánari skilyrði fyrir leyfi þessu eru sem hjer segir:

1. gr.

Íslendingar, hvort sem eru einstakir menn, sjóðir eða stofnanir, sýslu- eða bæjarfjelög, skulu látnir sitja fyrir í 6 mánuði að stríðinu loknu að skrifa sig fyrir hlutum í fyrirtækinu.

2. gr.

Leyfishafi skal skyldur að láta af hendi í aflstöðinni, ef óskað er, rafmagn handa einstökum sveitaheimilum eða hreppsfjelögum, svo mikið, sem þau þurfa til ljósa, suðu, hitunar og smáíðnaðar, við verði, er miðað sje við framleiðslukostnað að viðbættum 10% ágóða.

Með sömu kjörum sje leyfishafi skyldur til að láta af hendi til landsstjórnarinnar, ef þess yrði óskað, rafmagn til reksturs járnbrautar frá Reykjavík austur um suðurlands-undirlendið og iðnaðarafurðir sínar til eigin afnota landsmanna, með svo vægum kjörum sem unt er.

3. gr.

Leggi leyfishafi járnbraut eða vegi, eða geri höfn, skal hann skyldur að leyfa landsmönnum afnot af mannvirkjum þessum, að svo miklu leyti, sem það hindrar ekki eigin afnot leyfishafa, gegn sanngjörnu hæfilegu gjaldi, er stjórnarráðið samþykkir.

4. gr.

Leggi leyfishafi járnbraut, skal lega hennar og gerð ákveðin í samráði við landsstjórnina. Nú hefir leyfishafi lagt járnbraut og á þá landsstjórnin — eftir að 10 ár eru liðin frá því að byrjað var að reka hana og hvenær sem er upp frá því, með 5 ára fyrirvara, — rjett á að fá sjer afhenta járnbrautina með öllum áhöldum og tækjum, er henni fylgja, fyrir það verð, er tilkvödd nefnd

ákveður, ef samkomulag næst ekki. Matsupphæðina skal miða við þá fjárupphæð, er ætla má að slík járnbraut mundi kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, sem á þeim er orðið. Í matsnefnd skulu vera 5 menn, og tilnefnir landsstjórnin 2, leyfishafi 2, en landsyfirdómurinn 1, og sje sá formaður nefndarinnar. Matskostnað allan greiðir landsjóður. Leyfishafi haldi framvegis rjetti til flutninga þeirra með járnbrautinni, er hann þarfnast, gegn hæfilegu flutningsgjaldi, er matsnefnd einnig ákveður fyrir 5 ár í senn, enda skal fjelagið ekki verða verr sett í þessu efni en það hefði orðið, hefði það sjálf rekið brautina áfram.

5. gr.

Landeigendur og leiðuliðar á þeim svæðum, sem fyrirtækið nær til, skulu skyldir að þola öll þau mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynleg eru fyrir fyrirtækið, svo og að efni það, sem á þarf að halda, svo sem grjót, mól o. s. frv. sje tekið þar, sem hægast er, alt gegn fullu endurgjaldi, er ákveðið sje af 3 dómkvöddum mönnum, ef samningar takast ekki.

6. gr.

Hver, sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum eða öðrum mannvirkjum fyrirtækisins, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsi eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum og bæta auk þess skaðann að fullu.

7. gr.

Leyfishafi er undanþeginn vörutolli á efni til mannvirkja sinna og iðnaðarframleiðslu, útflutningsgjaldi af iðnaðarafurðum sinum, svo og öllum öðrum sköttum og tollum til landssjóðs, gegn því að greiða landssjóði 10% af ágóða fyrirtækisins, sem fram kemur, þegar hæfilegur frádráttur hefir verið gerður fyrir tilgun (amortisation) höfuðstólsins og fyrningarkostnaði og eftir að hluthöfum hefir verið úthlutað 5% af hlutafje þeirra.

8. gr.

Þyki fyrirtækinu sjer um of þyngt með sveitar- eða bæjarsköttum, hefir það rjett á að skjóta því máli til úrskurðar stjórnarráðsins, og skulu báðir málsaðilar skyldir að hlita úrskurði þess.

9. gr.

Landsstjórninni er heimilt að skipa mann til þess að rannsaka árlega alla reikninga, er snerta starfrækslu fjelagsins, og skal hann hafa greiðan aðgang að öllum bókum fjelagsins, er starfræksluna snerta. Estirlitsmaður þessi skal, áður en hann byrjar rannsókn sína, undirskrifa eiðstaf um, að hann skuli halda leyndum fyrir öðrum öllum rjettmætum leyndardómum og öðrum einkamálum fjelagsins. Má hann eigi á neinn hátt vera við riðinn þau fyrirtæki, er talist geta keppinautar fjelagsins.

10. gr.

Fyrirtækinu skal skylt að sjá verkamönnum sínum fyrir viðunanlegum hibýlum og börnum þeirra fyrir góðri skólafræðslu, að svo miklu leyti, sem rekstur fyrirtækisins liggur utan Reykjavíkur.

11. gr.

Leyfi þetta veitist til 99 ára.

12. gr.

Landsstjórnin á rjett á að fá sjer afhent öll mannvirki fjelagsins með landi því og rjettindum, er þeim fylgja, eftir 55 ár frá því er leyfið er veitt, og eftir hver 10 ár upp frá því, þó svo, að sagt sje til kaupanna með 5 ára fyrirvara. Kaupverðið skal miðað við, hvað leyfishafi hefir borgað fyrir rjettindin og hvers virði mannvirkin eru. Náist ekki samningar um kaupverðið, skal það ákveðið af matsnefnd, sem skipuð sje samkvæmt 4. gr.

13. gr.

Stjórnarráðið setur i leyfisbrjefið frekari ákvæði, eftir því sem þurfa þykir, um fyrirkomulag mannvirkjanna, rekstur þeirra og öryggisráðstafanir vegna verkamanna og almennings, svo og um önnur atriði þessu viðvikjandi, er því þykir ástæða til.

14. gr.

Fjelagið skal hafa æskt leyfisbrjefs samkvæmt lögum þessum innan 1 árs eptir að núverandi styrjöld er lokið og hafa byrjað á mannvirkjum innan 1 árs frá því leyfisbrjefið er gefið út, og aðal-aflstöðin hafa tekið til starfs innan 5 ára þar eftir, nema óviðráðanleg atvik (vis major) tefji. Fresti þessa er stjórnarráðinu heimilt að lengja.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að öllu verulegu samhljóða uppkasti því, sem þegar hefir verið útbýtt meðal þingmanna i »handriti«, og skirskotast til athugasemdanna i nefndu »handriti«, til skýringar frumvarpinu, er hjer fara á eftir.

Almenn atriði:

Eins og mönnum er kunnugt liggja *allir* fossar landsins enn þá ónotaðir, þrátt fyrir það, þótt aðrar þjóðir, ekki sist nágranna- og frændþjóð vor, Norðmenn, sjeu komnir langt á veg i að notfæra sjer fossaflið.

Enda þótt nokkur fossafjelög hafi verið stofnuð og tilraunir gerðar til að afla fjár til verklegra framkvæmda, hefir þetta ekki tekist enn þá. Fje það, sem til slíkra fyrirtækja þarf, skiftir mörgum miljónum og jafnvel tugum miljóna króna, og getur því að eins verið um erlent fje að ræða.

Nú er loks komið svo, að fjelagi einu, fossafjelaginu »Ísland«, hefir tekist að tryggja sjer nægilegt fje til þess að geta bygt út vatnsaflið i Soginu,

svo framarlega sem landsmenn vilji tryggja fyrirtækinu, að það verði ekki hindrað í framkvæmdum sínum, og að það verði ekki háð reikulli tollpólitík landsins, sem gæti eyðilaggt það fjárhagslega þegar minst varir.

Þetta er *óhjákvæmilegt* skilyrði fyrir því, að fje fái til slíks fyrirtækis.

Nú getur verið álitamál, hvort eða að hve miklu leyti það er heppi-legt, að erlent fje fái að starfa í landinu. Þó hljóta allir að viðurkenna, að það er afl, — í þessu tilfalli hið eina afl — þeirra hluta, sem gera skal. Við leyfum oss í þessu sambandi að tilfæra nokkur orð úr nefndarálitni nefndar þeirrar, sem skipuð var í fossa- og skógmálinu í Noregi 1906—07; þar stendur:

»Komiteen nærer ikke den opfatning, at udlændingers erhverv-
»velse af ejendomme og deltagelse i næringsdrift her i riget i
»og for sig og i almindelighed er et onde eller noget, som man
»bør søge at forhindre. Tværtimod mener komiteen, at anven-
»delse af udenlandsk kapital, dygtighed og initiativ inden en vis
»begrænsning blot vil være af det gode og tjene til udvikling
»af vore næringsveje.

Í Noregi hefir reynslan orðið sú, að fyrirtæki þau, sem þessu líkjast og staðbundin eru í landinu, enda þótt þau hafi verið stofnuð með erlendu fje, hafa orðið á tiltölulega skömmum tíma meira og minna og sum algerlega norsk.

Að því er vatnsafl snertir, skal bent á, að hjer getur ekki verið nein hætta á ferðum. Vatnsafl það, sem ætlað er til útbyggingar, mun ekki nema 4% af nothæfu vatnsafls landsins, eftir þeim ágiskunum, sem þegar áður hafa verið gerðar í þessu efni, (sbr. fyrirlestur verkfr. Guðmundar Hliðdals í V.F. Í. í maí 1917).

Þori landsmenn ekki einu sinni, að tilraun sje gerð með erlendu fje til framkvæmda í landinu, enda þótt fyrirtækið sje fúst á að koma sjer fyrir á sem islenskastan hátt, með heimilisfangi, varnarþingi og stjórn í landinu sjálfu, þá mun þess langt að biða, að fossar vorir verði oss sú framfarastöð og sú auðsuppspretta, sem flestir ætlast til; þeir eru dauðir fjársjóðir meðan þeir eru ónotaðir, og verða þá fyrst nokkurs verulegs virði, þegar byrjunin er gerð og sýnt hefir verið, að hjer geti þrífst arðvænleg fyrirtæki.

Í frumvarpi því, sem hjer með fylgir, er farið fram á, að landsstjórninni sje með lögum heimilað:

1. að veita fjelaginu tryggingu fyrir því, að það fái að leiða affið úr Soginu í rafmagnsleiðslum til Reykjavíkur eða annarar hafnar, leggja járnbraut og vegi og gera önnur þau mannvirki, sem nauðsynleg eru fyrir fyrirtækið.
2. að tryggja fyrirtækið gegn því, að það verði fjárhagslega eyðilaggt með tollum eða sköttum, er á það kynni að verða lagt með breyttri skatta- eða tolllöggjöf.

Hins vegar vill fyrirtækið láta af hendi við einstaklinga, sveitarfjelög og landið sjálf ýms hlunnindi, þar á meðal nokkurn hluta af arði sínum, rjett til landsins að eignast fyrirtækið o. s. frv.

Það skal tekið fram, að um *engin einkarjettindi* fjelaginu til handa er að ræða.

Frumvarpið :

Ad höfuðgrein.

Eins og orðalag höfuðgreinar frumvarpsins ber með sjer, er ætlast til, að fjelagið hafi heimilisfang og varnarþing á Íslandi, og að meiri hluti fjelagsstjórnarinnar sje skipaður mönnum, heimilisföstum þar, enda skal það skýrt tekið fram, að það er tilætlan þeirra fjármálamanna, er að fyrirtækinu standa, að stjórn þess og skipulag sje sem íslenskast og sem mest í höndum Íslendinga sjálfra, þannig að starfsemi þess geti orðið sem samrýmanlegust landinu og þjóðinni sjálfri.

Það virðist að visu sjálfsgæður hlutur, að fjelagið, sem hvert annað íslenskt fjelag, megi framkvæma þau mannvirki, sem hjer er um að ræða, en til tryggingar því, að ekki geti einstakir menn eða landeigendur hindrað framkvæmd þeirra, eru lög um þetta efni nauðsynleg.

Ad 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að tryggja að landsmönnum verði gefinn kostur á að taka þátt í fyrirtækinu, og að blutafje þess verði þannig strax að svo miklu leyti innlent, sem unt er.

Ad 2. gr.

Með ákvæðum þeim, sem felast í fyrri hluta þessarar greinar, er uppfyllt ósk sú, sem komið hefir fram frá sýslunefnd Árnassýslu (sjá fundargerð sýslunefndar Árnassýslu á aukafundi 31. júlí 1917) um að einstökum mönnum og sveitarfjelögum sýslunnar verði látið í tje svo ódýrt rafmagn, sem unt er. Ætti það að geta orðið bæði nærliggjandi sveitum, svo og Eyrarbakka og Stokks-eyri og þeim bæjum eða hverfum, er lægju í nánd við leiðslurnar þangað, til mikils hagnaðar.

Í síðari hluta greinarinnar er ákvæði til að tryggja landsstjórninni ódýrt rafmagn handa járnbraut austur um sýslur, ef hún yrði rekin með rafmagni. Getur atriði þetta orðið þýðingarmikið fyrir landið.

Ad 3. gr.

Sjálfsgagt er, að svo framarlega sem leyfishafi leggur járnbraut og vegi eða gerir höfn, þá sje landsmönnum trygð afnot af mannvirkjum þessum, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við haga fyrirtækisins. Hins vegar er ekki nema rjettmætt, að leyfishafi fái sanngjarna borgun fyrir þessi afnot, og er þess vegna gert ráð fyrir að þau gjöld sjeu háð samþykki stjórnarráðsins.

Ad 4. gr.

Járnbraut á Suðurlandi er vaxandi áhugamál landsmanna, og þar sem margir eru þeirrar skoðunar, að landið sjálft ætti helst að eiga þá járnbraut, þá er í þessari grein gert ráð fyrir, að landið geti tekið járnbrautina í sínar hendur við matsverði, hve nær sem er, eftir að 10 ár eru liðin frá því hún tók til starfa, en það er sá tími, sem útbygging Sogsins aðallega fer fram á.

Ad 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar er trygging gegn því, að einstakir menn eða landeigendur geti hindrað nauðsynlegar framkvæmdir fyrirtækisins. Ákvæðin eru, að því er rafmagnsleiðslur snertir, í fullu samræmi við 5. gr. b. laga nr. 51, 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur.

Ad 7. gr.

Eins og að framan var bent á, er óhjákvæmilegt að fyrirtækið sje trygt gegn tollum eða álögum, sem binda mætti því á herðar með lögum.

Auk þess er meðal annars ákvæðum vörutollslaganna þannig háttáð, að þau eru fullkomin þvergirðing þess, að fyrirtækið geti borið sig eða verði yfirhöfuð stofnsett. Mörg hráefni, sem inn í landið þarf að flytja til iðnaðarframleiðslu, eru tolluð svo hátt í hlutfalli við verðmæti þeirra, að frágangssök er að byggja stóriðnað á því.

Þess vegna er í 7. gr. gert ráð fyrir að fjelagið gjaldi toll og skatt á þann hátt, að ákveðinn hluti ágóðans renni í landssjóð. Virðist þetta fyrirkomulag mjög eðlilegt, því verði fyrirtækið gróðafyrirtæki og fært um álögur, þá rennur þeim mun hærri upphæð í landssjóð, með öðrum orðum: ágóði fyrirtækisins og tekjur landssjóðs af því standa í beinu hlutfalli hvað við annað.

Ad 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að eins að því að tryggja fyrirtækið gegn misrjetti, er beita má gegn því, meðan niðurjöfnun sveitar- og bæjar-skatta er jafnmikið út í bláinn eins og nú er. Ákvæðið er landsmönnum meinlaust.

Ad 10. gr.

Þarf engrar skýringar við.

Ad 11. gr.

99 ár er algengur leyfistími í öðrum löndum fyrir slik leyfi og hjer er um að ræða. Í fossalögum frá 1907 er gert ráð fyrir, að jafnvel erlend fjelög — með erlendri stjórn og varnarþingi í útlöndum — geti fengið leyfi til að nota fossa í 99 ár. Leyfistími til að nota fossa í öðrum löndum er misjafn. Í Noregi mest 80 ár, minst 60 ár, þó undir sjerstöku kringumstæðum upp í 99 ár, í Sviss alt að 100 ár, í Þýskalandi (Baden og Bayern) ótakmarkað, (hefir þó verið takmarkað til 80 og 90 ára í leyfi fyrir Laufenburger- og Rheinfelder-stöðvunum), í Austurríki ótakmarkað¹⁾. Með sjerstöku tilliti til þess, að hjer er um fyrsta leyfi til fossanotkunar í stórum stíl að ræða, með öðrum orðum: nokkurs konar tilrauna- eða frum-fyrirtæki, virðist ekki ósanngjarnt, að leyfið verði veitt til langs tíma, einkum þar sem landið jafnframt fær innlausnarrjett (kauprjett) á fyrirtækinu strax eftir 55 ár, sbr. 12. gr.

Ad 12. gr.

Með því að æskilegt gæti verið, að landið megi fyrr eða síðar eignast fyrirtækið og rjettindi þess, er því tilskilinn kauprjettur á fyrirtækinu eftir 55

1) Tekið eftir skýrslu norsku fossanefndarinnar 1906—7.

ár frá því leyfið var veitt, og 10. hvert ár upp frá því. Ber að skoða þetta sem hlunnindi og þýðingarmikið atriði fyrir landið.

Ad 13. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Ad 14. gr.

Frestir þeir, sem settir eru í þessari grein, eru nauðsynlegir, til þess að lögin eða leyfið geti ekki hindrað útbyggingu Sogsins, ef fjelag þetta kynni að hverfa frá því.

Fylgiskjal I.

Á aukafundi bæjarstjórnar Reykjavíkur 25. júlí 1917 var samþykkt í einu hljóði svo hljóðandi tillaga frá rafmagnsnefnd og fjárhagsnefnd:

»Með því að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir eignast nokkurn hluta vatnsaflsins í Soginu og hefir byrjað á samningum við h.f. »Ísland« um notkun þess afls til rafmagnsframleiðslu, leyfir bæjarstjórnin sjer að taka aftur beiðni sína til stjórnarráðsins um eignarnám á vatnsafl í Soginu handa Reykjavíkurbæ, og að óska eftir að stjórn og þing taki beiðni nefnds fjelags um leyfi til að byggja aflstöð við Sogið m. m. til meðferðar, hvorttveggja í trausti þess, að samningar takist milli bæjarstjórnarinnar og fjelagsins áður en leyfisbeiðnin verður afgreidd frá Alþingi«.

Fylgiskjal II.

ÚTDRÁTTUR

úr gerðabók sýslunefndarinnar í Árnassýslu á aukafundi hennar 31. júlí 1917.

-
4. Nefndin, sem kosin var í rafmagnsmálinu (sbr. 1) lagði fram álit sitt, svo hljóðandi:

»Sýslunefnd Árnassýslu álitur mjög æskilegt, og framfaravænlegt fyrir sýslufjelagið, að h.f. fossafjelaginu »Ísland« verði gefinn kostur á að nota Sogfossana, sem fyrst að því verður við komið, þar eð fjelagið telur sig fúst til að láta af hendi rafmagn handa þeim hjeruðum og kaupstöðum, er þess kynnu að óska.

Leggi fjelag þetta járnbraut, óskar fundurinn þess, að landið hafi kauparjett á henni og að flutningsgjald með henni verði samþykkt af landsstjórninni.

Að því til skildu, að h.f. fossafjelagið »Ísland« á sínum tíma láti sýslufjelaginu, kaupstöðum þess, kauptúnum, sveitarfjelögum og einstökum mönnum, er þess kynnu að óska, í tje rafmagn og annað, er það kann að framleiða (svo sem áburð), með svo góðum kjörum, er það frekast sjer sjer fært, þá skorar sýslunefnd Árnassýslu hjer með eindregið á Alþingi og landsstjórn, að sinna málaleitun fjelagsins nú þegar, svo það geti tekið sem fyrst til starfa.

Þessi tillaga var samþykkt í einu hljóði.

5. Í sambandi við næsta mál á undan var samþykkt með 8 atkv. gegn 2 svo feld tillaga:

»Sýslunefndin kys 4 menn í nefnd með oddvita til þess að vera honum til aðstoðar í þessu máli og taka með honum þátt í síðari meðferð þess, ef til kemur.

Þessir menn voru kosnir:

Sjera Ólafur Sæmundsson, Hraungerði.

Eggert Benediktsson, Laugardælum.

Sjera Gísli Skúlason, Stórahrauni.

Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Kaldaðarnesi.

Rjettan útdrátt staðfestir

Skrifstofu Árnassýslu, 31. júlí 1917.

Eiríkur Einarsson,
settur.